

Nd.

**56. Frumvarp til laga**

[44. mál]

um innflutning jeppabifreiðar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Þingvallanefnd er heimilt að flytja inn eina jeppabifreið til notkunar við gæzlu þjóðgarðsins á Þingvöllum, og er skylt að veita gjaldeyri til greiðslu hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

**Greinargerð.**

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er helgidómur Íslands. Allir Íslendingar krefjast þess, að þar sé allt í heiðri haft, og þessarar sameiginlegu eignar þjóðarinnar gætt af þeirri alúð og þeim virðuleika, sem slíkum þjóðardýrgrip hæfir.

Þingvellir eru sá þjóðminjagripur, sem erlendum gestum er mest í mun að sjá. Og stjórnarvöld landsins hafa ætíð talið það sjálfsagða virðingarskyldu við góða erlenda gesti að bjóða þeim til Þingvalla og jafnvel trúnaðarskyldu við land sitt og þjóð að sýna gestum landsins þennan einasta forna helgidóm Íslands, sem jafnframt er öllu fremur þess megnugur að vekja samúð með þjóðinni, sem byggir þetta land.

Með aukinni virðingu Íslendinga fyrir Þingvöllum og þeim minningum, sem við þá eru bundnar, hefur straumur ferðamanna aukizt þangað stórkostlega síðustu árin. Á sumrum eru þar suma daga þúsundir manna. Starf umsjónarmannsins er því erfitt og umsvifamikið, því að auk þess að prýða staðinn með gróðursetningu blóma og trjágróðurs verður hann að halda reglu og aga á þessu stóra svæði, og þegar þess er gætt, að fjöldi aðkomumanna hefur bifreiðar til umráða, er bersýnilegt, hversu örðugt slíkt verður fótgangandi manni. En auk þessa verður umsjónarmaðurinn að gæta girðingarinnar, sem nú er ca. 20 km, og er það erfitt verk á vetrum, þegar snjóá leggur að henni, en sauðfé sveitarmanna gengur að verulegu leyti sjálfala og veitir þá mikinn ágang.

Þingvallanefnd hefur þreytt það lengi, en án árangurs, að fá jeppabifreið fyrir þjóðgarðinn. Rök innflutningsvaldanna fyrir synjuninni eru þau, að innflutningur bifreiða til landsins sé og hafi síðustu árin verið algerlega bannaður.

Án þess að rökræða, hversu skynsamlegt slíkt undantekningarlaust bann er, skal tekið fram, að samkv. upplýsingum hagstofunnar hafa á fyrstu þrem fjórðungum yfirstandandi árs verið fluttar inn bifreiðar sem hér segir:

190 bifreiðar til mannflutninga á kr. 2 395 000.00.

79 bifreiðar til vöruflutninga á kr. 1 550 000.00.

2 jeppabifreiðar á kr. 14 000.00.

1 slökkvi- eða sjúkrabifreið á kr. 48 000.00.

Samtals 272 bifreiðar á 9 mánuðum fyrir samtals kr. 4 007 000.00.